

## AUGLÝSING

### (II) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 605, 24. júní 2008 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2007/2008 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

#### **Dalvíkurbyggð.**

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda um úthlutun byggðakvóta Dalvíkurbyggðar með eftirfarandi viðauka/breytingum á 6. gr.:

Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan *sveitarfélagsins* afla sem nemur, ....o.s.frv.

#### **Húnaþing vestra.**

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda um úthlutun byggðakvóta Húnaþings vestra með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 719/2007 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 605 að öðru leyti. Skipting er eftirfarandi: 35% er skipt jafnt milli ofangreindra skipa og 65% milli ofangreindra skipa þannig að til viðmiðunar verði löndunarhæsta ár útgerðar í Hvammstangahöfn í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiar, nú 2004/2005, 2005/2006 og 2006/2007.
- b) Ákvæði 4. gr. reglugerðar um 15 þorskígildislega hámarksúthlutun er felld niður.
- c) Vinnsluskylda samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar er felld niður.

#### **Grundarfjarðarbær.**

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda um úthlutun byggðakvóta Grundarfjarðarbæjar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

1. Helmingi byggðakvótans, 70 þorskígildistonn, verði úthlutað til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og 2. gr. eftir því sem við á hlutfallslega af þeim aflaheimildum sem fallið hafa til Grundarfjarðar samkvæmt ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar.
2. Helmingur byggðakvótans, 70 þorskígildistonn, fari til að bæta þeim sem höfðu aflahlutdeild í skelfiski upp samdrátt vegna banns við skelfiskveiðum á Breiðafirði.  
Reglur um úthlutun samkvæmt lið 2:
  - a) Rétt til að sækja um úthlutun byggðakvóta hafa útgerðir sem gera út fiskiskip frá Grundarfirði eða starfrækja þar vinnslu afla og höfðu aflaheimildir í hörpuskel á fiskveiðiarinu 2004/2005.
  - b) Aflinn skal veiddur af skipum gerðum út frá Grundarfirði.
  - c) Umræddur byggðakvóti skal unninn í Grundarfirði, samningur við fiskvinnslu skal fylgja umsókn.
  - d) Byggðakvóta samkvæmt umsóknum er uppfylla ofangreind skilyrði skal úthlutað á milli umsækjenda hlutfallslega miðað við aflahlutdeild í hörpuskel.

Ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar, um 15 þorskígildislega hámarksúthlutun, er felld niður í báðum tölulíðum þessara sérreglna.

**Stykkishólmsbær.**

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda um úthlutun byggðakvóta Stykkishólmsbæjar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Rétt til byggðakvóta hafa bátar þeirra útgerða sem áttu aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2007 og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum og aðilar sem keypt hafa báta eða útgerðir sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum. Byggðakvóta verði úthlutað í hlutfalli við aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2007.

**Akureyrarkaupstaður.**

Byggðakvóta Akureyrarkaupstaðar skal úthlutað með eftirfarandi hætti til skípa skráðra í Hrísey samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 605/2008 að öðru leyti en því að:

90 % byggðakvótans skal úthlutað jafnt á þá báta sem gerðir hafa verið út a.m.k. 9 mánuði á síðustu 12 mánuðum.

10 % byggðakvótans skal úthlutað samkvæmt reglugerð nr. 605/2008 á aðra báta sem gerðir eru út hluta úr ári.

Heimilt er að flytja byggðakvóta milli fiskiskipa í eigu sömu útgerðar.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 21. júlí 2008.*

F. h. r.

**Arndís Á. Steinþórsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Hinrik Greipsson.*